

68. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 6. apríl, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

DAGSKRÁ

1. Lögð fram að nýju aðalskipulagsbreyting um íbúðarsvæði við Aðalgötu breytt í miðbæjarsvæði og íbúðarsvæði við Tjarnarmýri breytt að hluta til fyrir þjónustustofnun. Breytingin var í auglýsingu frá 18. febrúar, til 1. apríl 2005. Lagðar fram athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. apríl 2005. Athugasemdir bárust frá Baldri Gíslasyni, Tjarnarási 15, dags 30.3.05. Undirskriftalisti frá 34 íbúum /Guðmudi K. Björnssyni Nestúni 2 dags. 29.03.05.

Aðalskipulagsbreytingin samþykkt ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.

2. Lögð fram að nýju deiliskipulagsbreyting af miðbæjarsvæði. Breytingin var í auglýsingu frá 18. febrúar til 1. apríl 2005. Athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. apríl lagðar fram. Athugasemdir bárust frá Ragnheiði Axelsdóttur og Gissuri Tryggvasyni Laufásvegi 15, dags. 25.03.05. Berglindi Þorbergsdóttur Laufásvegi 13, dags. 30.03.05. Undirskriftarlisti frá Kristni Bjarnasyni Laufásvegi 3, Jónasi Gunnarssyni Fögruhlið, Björgvini Ólafssyni Laufásvegi 4, Alexander Helgasyni Laufásvegi 5, Kristni Finnssyni Laufásvegi 7, Sigurði Kristinssyni Laufásvegi 9, dags 31. mars 2005. Nielsi Eyjólfssyni Hörghslundi 2, Garðabæ , dags. 22.03.05. Einari Karlssyni Höfðagötu 19, dags. 31.03.05.

Athugasemdir lagðar fram og kynntar ásamt umsögn skipulagsfulltrúa. Deiliskipulag verður ekki samþykkt fyrr en aðalskipulagsbreytingin tekur gildi.

3. Deiliskipulagstillaga af leikskóla og parhúsum við Tjarnarás. Tillagan var í auglýsingu frá 18. febrúar til 1. apríl. Lagðar fram athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. apríl 2005. Athugasemdir bárust frá Baldri Gíslasyni Tjarnarási 15, dags. 30.03.05. Undirskriftalisti frá 34 íbúum/ Guðmundi K. Björnssyni Nestúni 2, dags. 29.03.05.

Athugasemdir lagðar fram og kynntar ásamt umsögn skipulagsfulltrúa. Deiliskipulag verður ekki samþykkt fyrr en aðalskipulagsbreyting tekur gildi.

4. Erlar Kristjánsson sækir um að byggja hús að Reitarvegi 6a, samkvæmt teikningum frá verkfræðistofu E.K. samtals. 72 m², 246 m³. Málið var í grenndarkynningu frá 23. febrúar til 23. mars. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt, gjald kr.
5. Lagt fram bréf frá Byggðasafni Snæfellinga /Aldísi Sigurðardóttur dags. 17. mars 05, um lóðarstækkun við Norska Húsið.
Samþykkt að lóðin stækki sbr. tillöguteikningu.
6. Lagt fram bréf frá Baldri H. Úlfarssyni og Heiðrúnu Jensdóttur dags. 26. febrúar 05, um fyrirhugaða uppbyggingu á lóð við Reitarveg nr. 2. Bréfi var vísað af bæjarráði til skipulags- byggingarnefndar.
Tekið er jákvætt í framlagt bréf.
7. Ægir Jóhannsson sækir um samkvæmt bréfi dags. 22. mars 05, að lóðarskiki meðfram Silfurgötu og Skólastíg 18, verði hluti af lóð Skólastígs 18, og að lóðin verði mæld upp.
Erindi samþykkt.
8. Önnur mál.
 - 8.a. Fyrirspurn frá Skipavík hf / Sigurjóni Jónssyni um að byggja um 500 m² verslunarhúsnæði á reit M við Aðalgötu samkvæmt teikningum dags. 4. apríl 05.
Tekið er jákvætt í erindið.
 - 8.b. Byggingarleyfisumsókn frá Skipavík hf /Sigurjóni Jónssyni um að byggja sólskála úr gleri og áli að Tjarnarási 9 samkvæmt teikningum dags 6. apríl 2005 samtals m² m³.
Samþykkt. Gjald kr.
 - 8.c. Skipavík hf óskar eftir grafrarleyfi á parhúsalóðum við Tjarnarás nr. 2 og 4 samkvæmt teikningum dags. 4. apríl 05.
Samþykkt með fyrirvara á samþykkt deiliskipulags og á lóðarúthlutun.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:50

Dagný Þórisdóttir (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

Þorgrímur Kristinsson (sign)
Helgi B. Haraldsson (sign)
Grétar D. Pálsson (sign)

